

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) miðvikudaginn 15. maí 2024.

Fyrir er tekið:

Kærumál nr. 2/2023-2024

Körfuknattleiksdeild Skallagríms

gegn

Körfuknattleiksdeild KR

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Aðilar máls

Mál þetta var upphaflega mótttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 12. apríl 2024. Körfuknattleiksdeild Skallagríms, kt. 590593-2499, Skallagrímögötu 7a, 310 Borgarnesi.

Kærði er körfuknattleiksdeild - Körfuknattleiksdeild KR, kt. 510987-1449, Meistaravöllum, Frostaskjóli 2, 107 Reykjavík.

II.

Kröfur aðila

Kærandi krefst að sér verði dæmdur sigur í leik MB11 ára kvenna gegn kærða KR sem fór fram 6. apríl sl. í Síkinu, Sauðarkróki.

Til vara krefst kærandi þess að leikurinn verði spilaður aftur.

III.

Málsástæður og lagarök kæranda

Leikur Skallagríms og KR í minnibolta 11 ára kvk. fór fram 6. apríl sl. að Sauðárkróki og lauk skv. leikskýrslu með sigri KR 30-29.

Í kærú kemur fram að kærandi telur að umrædd leikskýrsla sé röng en leik hafi lokið með sigri Skallagríms. Kærandi telur að stigum KR og Skallagríms hafi verið víxlað. Þannig segir orðrétt í kærú:

„Þegar 2 mínútur eru eftir að leiknum er tekið leikhlé, þá er staðan 30-26 fyrir Skallagrím. Eftir leikhlé skorar KR 3ja stiga körfu og leikurinn klárast. Hinsvegar segir skýrslan að Skallagrímur tapar 29-31.

Það er alveg borðliggjandi að þjálfari hefði stýrt liðinu öðruvísi ef leikar hefðu verið eins og lokatölur gefa til kynna.”

Kærandi telur að um vanhæfni skýrsluritara hafi verið að ræða og vísar til 7. gr. reglugerðar um körfuboltamót.

Kærandi vísar til þess úrslit leiksins eins og þau voru skráð á leikskýrslu hafi haft þau áhrif að Skallagrímsstúlkur hafi verið dæmdar niður um riðil og hafi því ekki haft færi á að vernda Íslandsmeistaratitil sinn.

VI.

Sjónarmið kærða

Aga- og úrskurðarnefnd kallaði eftir sjónarmiðum frá kærða KR. Í sjónarmiðum kærða kom eftirfarandi fram:

"Staðan var 20-25 fyrir Skallagrím. Við skoruðum tvær körfur í röð: 24-25

Síðan skorðu þær 2 stig og við beint í kjölfarið: 26-27.

Við skorum og komumst yfir í fyrsta skipti í leiknum: 28-27

Þær skora síðan 2 stiga körfu en á töflunni er staðan 28-30 þannig að Kolfinna (aðstoðarþjálfari) fer á ritaraborðið og spyr hvort staðan sé rétt. Þau segja nei og þá er staðan rétt 28-29.

Við skorum síðan síðustu körfu leiksins

Lokatölur: 30-29 fyrir KR"

V.

Önnur gögn málsins

Aga- og úrskurðarnefndin fékk umprætta leikskýrslu senda með kærui kæranda. Auk þess kallaði nefndin eftir sjónarmiðum mótshaldara, kkd. Tindastóls. Í svair Tindastóls kom fram að leikskýrsla hafi verið fyllt út samkvæmt bestu vitund. Beðist var velvirðingar á því ef ef staðan var röng á töflu.

VI.

Forsendur og niðurstaða

Kærandi telur að misræmi hafi verið milli stigatöflu og leikskýrslu. Samkvæmt leiðbeiningum Alþjóða körfuknattleikssambandsins FIBA um starfsfólk á ritaraborði (FIBA Table Officials Manual v6.0, OBR 2022) skal starfsmaður á ritaraborði halda leikskýrslu og skal hún m.a. þjóna þeim tilgangi að skrá rétta stöðu leiks svo leiðréttu megi stigatöflu sem annar starfsmaður stýrir, meðan á leik stendur ef í ljós kemur misræmi milli stigatöflu og leikskýrslu.

Ekkert hefur komið fram undir rekstri málsins sem rennir haldbærum stoðum undir þá fullyrðingu kæranda að skráning stiga á skýrslu, 30-29 fyrir KR, sé röng niðurstaða. Þannig kemur fram í svair mótshaldara Tindastóls að leikskýrsla hafi verið færð eftir bestu vitund en loku er ekki skotið fyrir þann möguleika rangt stigaskor hafi verið birt á töflu. Aftur á móti má lesa út úr leikskýrslunni að stigatalning hafi undir lok leiks verið leiðrétt þar sem stig hafi óvart verið oftalin Skallagrími í vil. Í skriflegum vitnisburði KR segir að aðstoðarþjálfari liðsins hafi gengið að ritaraborði eftir tveggja stiga körfu Skallagríms og gert athugasemd við talningu stiga á stigatöflu, þar sem liðið var skráð með 30 stig en áttu með réttu að hafa 29 stig, gegn 28 stigum KR. KR hafi svo skorað lokakörfu leiksins. Er það álit nefndarinnar að yfirstrikun á leikskýrslu yfir 30. stig Skallagrímsstúlkna, og hringur dreginn utan um 29. stig til staðfestingar á lokatölum leiksins, eigi sér stoð í skriflegum vitnisburði kærða KR þar sem kom fram að KR hafi beðið um leiðréttingu stiga eins og þau birtust á stigatöflu og af því er virðist einnig á leikskýrslu, á lokaugnablikum leiksins. Er það álit nefndarinnar að leikskýrsla, eins og hún var útfyllt á leikstað og stigaskor staðfest í lok leiks, verði að gilda fram yfir skráningu stiga á töflu, ef misræmi var þar á. Með vísan til framangreinds er kröfum kæranda hafnað.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfum kæranda er hafnað.

Jónas Már Torfason, formaður

Björn Atli Davíðsson

Elvar Guðmundsson

Kristinn G. Kristinsson

Leó Daðason

Elvar Guðmundsson

Oddur Valsson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ sbr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.